

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlanir:

#### *Deiliskipulagsbreyting Víkurhverfis.*

Þann 8. ágúst 2025 samþykkti bæjarráð, í umboði bæjarstjórnar, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis vegna D-lóðar. Breytingin felst í því að íbúðum er fjölgað úr 4-6 í 10 íbúðir, byggingarreitir breytast þannig að 10 íbúðir passi betur á reitina og bílastæðum fjölgað úr 7 í 12.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar, austan Aðalgötu.*

Þann 28. ágúst 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, austan Aðalgötu, vegna Austurgötu 4b. Breytingin felst í því að lóð 4b við Austurgötu er skipt upp í tvær lóðir og til verður Austurgata 4c, 60 m<sup>2</sup> lóð undir spennistöð. Austurgata 4b verður eftir breytingu 656 m<sup>2</sup>.

#### *Óveruleg breyting á deiliskipulagi Þinghúshöfða.*

Þann 25. september 2025 samþykkti bæjarstjórn óverulega breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða vegna Höfðagötu 9. Breytingin felst í því að leyfilegt verður að byggja 15 m<sup>2</sup> geymsluskúr á lóðinni í stað 8 m<sup>2</sup>.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 26. september 2025.*

**Þuríður Ragna Stefánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 20. október 2025